

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps vegna afmörkunar íþróttasvæðis ÍP2, hestamannasvæðis.

Skipulagsstofnun staðfesti 5. júní 2024 óverulega breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2021-2033 sem samþykkt var í sveitarstjórn 16. maí 2024.

Í breytingunni felst tilfærsla á íþróttasvæði ÍP2 til austurs, afmörkun breytist og svæðið minnkar úr 9,6 ha í 6,7 ha. Opið svæði OP8 breytist til samræmis.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 5. júní 2024.*

**Ólafur Árnason.**

B-deild – Útgáfudagur: 21. júní 2024